



FÉLAG
ELDRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. P 127/2247
komudagur 7.6.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2002.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um áhrif breyttra hlutfallaaldurshópa eftir árið 2010, 247. mál.

Stjórn Félags eldri borgara er mjög hlynnt þessari tillögu og vonar að hún fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Félags eldri borgara
í Reykjavík og nágrenni

Stefanía Björnsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/2233
komudagur 5.6.2002



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
Netfang:
hjukrun@hjukrun.is


3. júní, 2002
5A3a

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, 247. mál.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallað um tillögu þingsályktunar um áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, 247. mál.

Stjórnin er sammála tillögunni og hefur engar athugasemdir fram að færa.

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga


Herdís Sveinsdóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 127/2246
komudagur 7.6.2002



UNIVERSITY OF ICELAND

INSTITUTE OF ECONOMIC
STUDIES

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2002

Efni. Umsögn um þingsályktun um áhrif breyttrar aldursamsetningar, 247. mál

Fyrirsjáanlegt er að aldursamsetning hinna iðnvæddu þjóða muni breytast mjög á næstu áratugum vegna minnkandi fæðingartíðni og hækkandi lífaldurs. Áætlað er að Íslendingum muni fjölga um allt að 54 þúsund á næstu fjörtíu árum, eða um fimmtung þegar fólksfjöldinn nær hámarki samkvæmt spám og að hlutfall eldri borgara af íslensku þjóðinni verði um 20%. Ljóst er fækkun starfandi fólks í hlutfalli við heildarmannfjölda mun hafa mikil áhrif á íslenska hagkerfið þegar útgjöld vegna eftirlauna og heilbrigðismála aukast og skattstofnar minnka. Þannig hefur fólksfjölgun og breytingar á aldursamsetningu þjóða mikil áhrif á eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu og kostnað við hana auk þess sem miklir fjármunir munu fara til eftirlaunagreiðslna.

Mikilvægt er að kanna hver áhrif breyttrar aldursamsetningar þjóðarinnar mun verða hérlendis til að stjórnvöld, og aðrir þeir sem hlut eiga að máli, séu sem best búnir undir væntanlegar breytingar. Hagfræðistofnun telur því að um mikilvægt og þarft mál sé að ræða.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Þór Herbertsson,
forstöðumaður.



Alþingi
Erindi nr. P 127/2212
komudagur 30.5.2002

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Ágústs Geirs Ágústssonar nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 21. maí 2002
HV/gh


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010

Landlæknisembættinu hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga. Í tillögunni kemur m.a. fram að kanna eigi áhrif á heilbrigðiskerfið.

Landlæknir fagnar framkominni tillögu og telur þá umfjöllun sem í tillögunni kemur fram mjög mikilvæga. Í því sambandi má benda á að hlutfall aldraðra á Íslandi er lágt, að minnsta kosti í samanburði við flest nágrannalöndin. Þessi staðreynd gefur Íslendingum ákveðna möguleika á að bregðast við í tíma með ýmis konar fyrirbyggjandi aðgerðum til að stemma stigu við algengum heilsufarsvandamálum sem sækja á eldra fólk. Má hér nefna sjúkdóma eins og beinbrot af völdum beinþynningar, heilablóðföll, hjartabilun og sykursýki svo dæmi séu nefnd. Hér er því um mjög mikilvæg verkefni á sviði forvarna að ræða sem Íslendingar þurfa að setja kraft í á næstu árum.

Landlæknir þakkar fyrir tækifærið að fá þessa tillögu til umsagnar og vill gjarnan koma til frekari viðræðna um þetta mikilvæga heilbrigðismál.

Virðingarfyllst,


Haukur Valdimarsson
aðstoðarlandlæknir

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.06.2002
Tilv. 40.13
PVJ/JP/gg

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010.

Um er að ræða ágæta tillögu þar sem öldruðum mun fyrirsjáanlega fjölga mjög eins og rakið er í greinargerðinni. Hið opinbera þarf að geta mætt þeim þörfum sem myndast í kjölfarið. Einnig er mikilvægt að beita öllum tiltækum forvörnum í því skyni að varðveita heilsu á efstu árum. Ágætar tillögur liggja fyrir í heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Ástæða er hins vegar að áréttu mikilvægi þess að þeim hugmyndum verði fylgt eftir. Ljóst er að það þarf að fjárfesta í heilsuverndandi aðgerðum, bættri samfélagsþjónustu og ná jafnvægi í framboði vistunarúrræða fyrir aldraða, einkum þeirra sem búa á stór-Reykjavíkursvæðinu. Tvö síðast töldu atriðin þarf að leysa nú þegar og síðan mæta eðlilegum árlegum vexti í þjónustuþörf. Í því sambandi er minnt á ágæta greinargerð heilbrigðisráðuneytisins um öldrunarþjónustu frá árinu 2002, en hún fjallar einkum um vistunarmál.

Á það skal bent að nefnd um málefni aldraðra er starfandi á vegum forsætisráðuneytisins undir formennsku Jóns Helgasonar. Fyrir liggur að nefndin er langt komin í vinnu sinni og hefur hún tekið saman ýmsar greinargerðir sem snerta ofangreinda þingsályktunartillögu. Þar sem líklegt er að niðurstöðurnar muni kalla á frekari úrvinnslu, er lagt til að beðið verði eftir nefndarniðurstöðunni og málið þá tekið fyrir að nýju og Alþingi beiti sér í málinu þannig að tryggja megi öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

Virðingarfyllst



Magnús Pétursson, forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/2248
komudagur 7.6.2002

Til heilbrigðis og tryggingarnefndar Alþingis

Reykjavík, 3. júní 2002

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar á þskj. 283, 247. mál.

Á fundi framkvæmdastjórnar Landssambandsins 30. maí s.l. var fjallað um málið.

Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að þarna væri hreyft mjög tímabæru máli. Þess skal getið að á sama fundi var einnig verið að kynna umfjöllun um sambærilegt efni í ýtarlegri skýrslu frá ráðstefnu Sameinuðupjóðanna sem haldin var í apríl s.l. í Madrid.

Augljóst er sbr. þær ályktanir sem samþykktar voru á þeirri ráðstefnu að alþjóðasamfélagið hefur áhyggjur af að stjórnvöld aðildarríkjanna bregðist ekki nægjanlega við því verkefni sem augljóslega bíður þarna.

Framkvæmdastjórn LEB leggur því til að Alþingi samþykki þingsályktunartillögu þessa og að vinnuhópurinn verði sem fyrst settur til starfa.

Það mun kannski auðvelda stjórnvöldum að bregðast jákvætt við í þessu verkefni, án þess að lífskjör eldri borgara þurfi að skerðast þrátt fyrir mikla hlutfallslega fjölgun þeirra.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands eldri borgara



Benedikt Davíðsson, formaður

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík


Reykjavík, 4. júní 2002

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis hefur með bréfi, dags. 13. maí s.l., óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi þingsályktunartillögu um að ríkisstjórnin komi á fót vinnuhópi sérfræðinga sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið. Nefndin skili álitni innan árs.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða hefur á fundi sínum, 28. maí s.l., samþykkt að taka jákvætt undir þessa þingsályktunartillöguna og leggur stjórnin til að hún verði samþykkt á næsta löggjafarþingi.

Virðingarfyllst

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Hrafn Magnússon



Lífeyrissjóður bænda
Bændahöllinni við Hagatorg
107 REYKJAVÍK

Sími 563 0300
Fax 561 9100

Nefndasvið Alþingis,
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8 - 10,
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/2183
komudagur 21.5.2002


Reykjavík, 17. maí 2002

**Efni: Tillaga til þingsályktunar
um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010.**

Vísað er til bréfs, dags. 13. maí, þar sem óskað er umsagnar Lífeyrissjóðs bænda um framangreinda tillögu.

Lífeyrissjóður bænda gerir ekki athugasemdir við tillöguna og er mjög fylgjandi því að slíkum vinnuhópi verði komið á fót. Ljóst er að mikill vandi steðjar að varðandi þróun aldursskiptingar þjóðarinnar og fer Lífeyrissjóður bænda ekki varhluta af þeim vanda. Lítil nýliðun er í bændastétt og aldursdreifing greiðandi sjóðfélaga er þegar orðin sjóðnum mjög óhagstæð.

Virðingarfyllst,
Lífeyrissjóður bænda


Sigurbjörg Björnsdóttir
framkvæmdastjóri



LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA
REYKJAVÍKURBORGAR

Alþingi
Erindi nr. P 127/2230
komudagur 31.5.2002

Reykjavík 24. maí 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Varðar: Pskj. 283 - 247. mál.

Með bréfi Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis frá 13. þ.m. er óskað umsagnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010 á eftirlauna - og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið.

Með lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum og kemur því að því að starfsemi sjóðsins lýkur þegar síðasti lífeyrisþegi fellur frá. Þingsályktunar tillagan er því ef til vill ekki alveg eins áhugaverð fyrir sjóðinn og ef honum hefði ekki verið lokað. Málið er hins vegar mjög áhugavert og getur sjóðurinn stutt það að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Jón G. Kristjánsson



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 127/2234
komudagur 5.6.2002


Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Kópavogi, 31. maí 2002
78/199/SS/ajr

Umsögn Læknafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, 247. mál.

Læknafélag Íslands styður eindregið að ríkissjórnin feli vinnuhópi sérfræðinga að kanna áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið.

Væntir félagið þess að leitað verði til lækna í vinnuhóp sérfræðinganna verði ályktunin samþykkt.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 127/2255
komudagur 10.6.2002

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingi
150 Reykjavík


SÍÐUMÚLA 13,
108 REYKJAVÍK,
SÍMI 545 1200,
TELEFAX 545 1212,
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160,
128 REYKJAVÍK.

Reykjavík 5. júní 2002

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áhrif breyttra hlutfalla aldurs-
hópa eftir árið 2010, 247. mál.**

Neytendasamtökin eru sammála því að þetta verði kannað eins og þingsályktunartil-
lagan gerir ráð fyrir og mæla því með samþykkt hennar.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Johannes Gunnarsson, formaður



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/109

Alþingi
Erindi nr. P 127/2228
komudagur 29.5.2002

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
heilbrigðis- og trygginganefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

29. maí 2002


Efni: Þingsályktunartillaga um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, 247. mál.

Með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 13. þ.m., var Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) sent til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar. Í tillögunni er skorað á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sérfræðinga, sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið. Nefndin skili álitni innan árs. Af þessu tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

Í greinargerð með þingsályktunartillögu sinni nefna flutningsmenn tölur um hugsanlegar breytingar á aldurssamsetningu íbúa iðnvæddra ríkja á næstu áratugum. Í því sambandi nefna þeir, að árið 2030 geti staðan orðið sú, að aðeins tveir vinnandi menn verði fyrir hvern eftirlaunaþega. Augljóst er, að gangi þessi þróun eftir, mun slíkt hafa margvislegar afleiðingar í för með sér, og reyna mjög á eftirlauna- og heilbrigðiskerfi iðnvæddra ríkja. Fyrr á þessu ári gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út skýrslu, sem ber heitið „EU-pension reform – an overview of the debate and an empirical assessment of the main policy reform options“. Niðurstöður eða vísbendingar, sem í því riti er að finna, eru e.t.v. ekki alveg jafnnálægar í tíma eins og flutningsmenn þingsályktunartillögunnar telja. Þannig er áætlað, að innan Evrópusambandsins verði tveir í starfi á móti hverjum einum eftirlaunaþega árið 2050, eða 20 árum síðar en flutningsmennirnir nefna. Þetta misræmi er þó aukaatriði, því óumdeilt er að lækkandi eftirlaunaaldur, hækkandi lífaldur og fækkun barnsfæðinga muni fara að hafa mikil áhrif þegar á næstu 10 árum eða svo. Í skýrslu Evrópusambandsins kemur og fram, að sem fyrst og í sem allra ríkustum mæli verði söfnun og sjóðamyndun að standa undir kostnaði við framfærslu og heilsugæslu hinna eldri, engan veginn sé unnt að byggja á „pay as you go – kerfi“.

Samband íslenskra tryggingafélaga styður það, að ríkisstjórnin eða önnur til þess bær stjórnvöld hlutist til um úttekt á áhrifum fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu íslensku þjóðarinnar á lífeyris- og heilbrigðiskerfið. Engin afstaða er á hinn bóginn tekin til þess, hvort verkefni þetta skuli falið sérstökum vinnuhópi sérfræðinga, eins og flutningsmenn leggja til, eða verkefnið falið sérfræðingi, opinberri stofnun eða almennu fyrirtæki. Mestu varðar, að í þessa úttekt verði ráðist sem fyrst. Gæti hún orðið mikilsvert gagn við stefnumörkun stjórnvalda í framtíðinni.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/2273
komudagur 6.6.2002

Heilbrigðis- og trygginganefnd.

Þökkum fyrir tækifærið til að veita umsögn um þingsályktunartillögu um áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, 247.mál. Framsýni er ætíð æskileg og málið þannig allra góðra gjalda vert, en SVÞ hafa ekki skoðun á því hvort sérfræðinganefnd sé besta lausnin til að meta áhrif breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar eftir 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri
SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu

Alþingi
Erindi nr. P 127/2213
komudagur 30.5.2002



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2002
ÁPS/KSG/044/02


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, 247. mál

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að komið sé á vinnuhópi sérfræðinga sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið.

Tryggingastofnunin getur tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í tillögunni. Útgjöld til lífeyris- og sjúkratrygginga fara vaxandi með ári hverju, þrátt fyrir aukin réttindi fólks til greiðslna úr lífeyrissjóðum og fyrirsjáanlegt er að útgjöldin haldi áfram að aukast, a.m.k. enn um sinn.

Stigin hafa verið mikilvæg skref að undanförmu til að draga úr framtíðarkostnaði lífeyriskerfisins, s.s. með frestun skattlagningar fjáls lífeyrissparnaðar, en ljóst er að leita þarf frekari úrræða til að mæta þeim vanda sem fylgir breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri